

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurfleggjara að mörkum Hafnarfjarðar og Sveitarfélagsins Voga.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 23. febrúar sl. nýtt deiliskipulag fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar þar sem skipulagið gerir ráð fyrir breikkun brautarinnar á núverandi vegstæði, úr 2 akreinum í 4 á 5,6 km kafla.

Samhliða breytast mörk deiliskipulags álversins í Straumsvík en þar er gert ráð fyrir stofnstíg norðan brautarinnar.

Málsmeðferð var skv. 41. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 22. apríl 2022.

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B-deild – Útgáfudagur: 6. maí 2022